

L Ö G

73

5. júní

um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935,
um tekjuskatt og eignarskatt.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við c-lið 6. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr málslíður, svo hljóðandi: Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis- og bæjarfélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

74

5. júní

um inngöngu Íslands í Bernarsambandið.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd sáttmála þann, er gerður var í Bern hinn 9. september 1886 og endurskoðaður í Berlín 13. nóvember 1908 og í Róm 2. júní 1928, um vernd bókmennna og listaverka. Menntamálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd sáttmálans hér á landi.

2. gr.

Fyrri málsg. 16. gr. laga nr. 13 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentarétt, orðist svo:

Heimilt er að taka upp í blöð eða tímarit úr öðrum blöðum eða tímaritum dægurgreinar um hagfræðileg efni, stjórnsmál eða trúsmál, nema þess sé getið við greinarnar, að eftirprentun sé bönnuð. Eigi nær heimild þessi til sérstakra fylgiritra.